VERKALÝÐS-BLAÐIÐ

ARÐRÆNDIR OG KÚGAÐIR ALLRA LANDA SAMEINIST!

Baráttuleiðin komin út!

Baráttuleið alþýðunnar er stefnuskrá Einingarsamtaka kommúnista (marx-lenínista). Baráttuleiðin er biturt vopn í stéttabaráttunni! Sendið pantanir í pósthólf 5186, Reykjavík eða í síma 84210 Reykjavík á opnunartíma Októberbúðarinnar Laugavegi 178.

Sjá nánar á baksíðu!

MÁLGAGN EININGARSAMTAKA KOMMÚNISTA (M-L) 3.árg. 3.Tbl. 15.mars-18.apríl 1977 100 kr.

Krafa verkafólks:

LÁTUM EKKI ASÍ-FORYSTUNA FÁ SAMNGSUMBOÐIÐ!

Höldum samningsvaldinu í stéttarfélögunum

Nú er samningstímabilið farið að styttast og nokkur félög hafa þegar sagt kjarasamningum sínum lausum. Flest bendir til þess að ætlunin sé að hafa sama fyrirkomulagið á samningunum nú og verið hefur undanfarin ár, að fámennur hópur háttsettra embættismanna verkalýðshreyfingarinnar semji fyrir heildina, en hin einstöku félög og félagsmenn hafi engin áhrif á gang mála í samningunum. Svokallaðar "baknefndir" í samningaviðræðunum breyta hér engu um, því nefndarmenn fá litlar sem engar upplýsingar um viðræðurnar og fái þeir eitthvað að vita, hafa þeir ekki umboð til að láta þær fara lengra.

Einn af mörgum fylgifiskum hinna stóru samflota í samningunum (þegar samningsvald fjölmargra verkalýðssamtaka um allt land er dregið á fáeinar hendur í viðræðum sem fram fara í Reykjavík) er einmitt sá, að komið er í veg fyrir þátttöku hins almenna félagsmanns í baráttunni. Í raun og veru berst ASÍ-forystan fyrir því að viðhaldið sé þeirri óvirkni og doða sem einkennir starfsemi stéttarfélaganna. ASÍ-forystan veit líka að hún yrði ekki langlíf í stjórnarstólum, ef óbreyttir félagsmenn í verkalýðsfélögunum tækju til sinna ráða og hættu að láta hana ráðskast með hagsmuni sína.

Stéttasamvinna og undirgefni við atvinnurekendur.

Stóru samflotin í samningunum urðu fyrst að reglu 1964. Auk síminnkandi lýðræðis eru það fyrst og fremst tvö önnur atriði sem einkennt hafa ástandið síðan þá. Annars vegar er það sjaldan eða aldrei sem kjarabaráttan hefur verið risminni frá upphafi vega og árangur baráttunnar lakari. Verkalýðsstéttin hefur á þessum árum mátt þola stórfellt kauprán hvað eftir annað, án þess að forystan hafi hreyft hönd eða fót til varnar. Um þessar mundir mun kaupmáttur launa til dæmis vera lægri en nokkurn tíma hefur gerst síðan á tímum annarrar heimsstyrjaldarinnar. Þokkaleg frammistaða það!

Frh. bls. 4

Ólafur Ingólfsson (Mynd: VERKALÝÐSBLAÐIÐ)

„KFÍ/ML" er verkalýðsfjandsamleg klíka

Um síðastliðin áramót sögðu nokkrir félagar í svokölluðum "Kommúnistaflokki Íslands/ML" skilið við hann, þar á meðal er Ólafur Ingólfsson fyrrum ritstjóri Stéttabaráttunnar - málgagns flokksins. VERKALÝÐSBLAÐIÐ innti Ólaf eftir því, hver hafi verið ástæðan fyrir úrsögn hans og hinna félaganna úr "KFÍ/ML" og fara svör hans hér á eftir.

-Við álítum engan starfsgrundvöll fyrir kommúnista innan þessa flokks og hann er í reynd verkalýðsfjandsamleg klíka og öllu framsæknu starfi til bölvunar. Við höfum reynt að starfa innan flokksins og breyta honum til betri vegar, en það er vonlaust verk. Þeir sem starfa enn innan hans með það fyrir augum að breyta honum, verða að gera sér ljóst að með veru sinni þar hjálpa þeir til að "lappa upp á" andlit flokksins út á við og tefja auk þess uppgjörið við endirskoðunarstefnuna. Eftir að marx-lenínistar gengu út um áramótin, hefur endurskoðunarstefna flokksforystunnar afhjúpast æ betur og mun vafalaust koma enn betur í ljós á næstunni.

Fallast í faðma við trotskismann.

-Dæmin sem nefna má um hentistefnu og klofningsstarfsemi "KFÍ/ML" eru fjöldamörg. Flokkurinn klýfur verkalýðsstéttina í reynd með starfi sínu, sem er rökrétt afleiðing af stéttgreiningu flokksins (skrifstofufólk og afgreiðslufólk er afgreitt sem "smáborgaralegir millihópar" eða smáborgarar", en ekki sem hluti verkalýðsstéttarinnar!). Afstaðan til fjöldabaráttunnar er ekki grundvallarafstaða flokksins, heldur eingöngu til að upphefja sjálfan sig, enda er flokkurinn algerlega ófær um að leiða baráttu.

Þá eru mörg dæmi um það hve ófær flokkurinn er um að skoða vandamálin raunhæft og vilja hlaupa yfir mörg stig í baráttunni. "Byltingaróþreyja" þeirra lýsir sér þannig í því að flagga stöðugt "byltingarsinnuðum" frösum og kröfum.

Frh. bls. 4



Hér er Heiðbrá Sæmundsdóttir hjúkrunarfræðingur við störf á Landakotsspítala. (Mynd: VERKALÝÐSBLAÐIÐ)

Samstaðan mun neyða ríkisvaldið til uppgjafar

Flestir hjúkrunarfræðingar á Landakoti, Borgarspítalanum og Vífilsstaðahæli hafa sagt upp störfum sínum frá 1. apríl n.k. svo sem kunnugt er af fréttum. Tíðindamaður VERKALÝÐSBLAÐSINS tók af því tilefni viðtal við tvo hjúkrunarfræðinga á Landakoti, þær Heiðbrá Sæmundsdóttur og Önnu Birnu Ragnarsdóttur. Í viðtalinu kemur fram, að hjúkrunarfræðingar eiga ekki aðeins við harðvítugt ríkisvald að etja í kjarabaráttunni heldur einnig forystuna í eigin félagi, sem gerir sitt besta í þágu ríkisins til að telja baráttukjarkinn úr þeim. Þær stöllur, Heiðbrá og Anna Birna sýna einnig fram á, að gegn þessum tveimur andstæðingum dugir aðeins ein leið, samstaða og baráttuvilji hjúkrunarfræðinganna sjálfra - auk samúðar og stuðnings annarra starfshópa, einkum á spítölunum.

VERKALÝÐSBLAÐIÐ ítrekar enn fyrri orð sín um skilyrðislausan stuðning við baráttu hjúkrunarfræðinganna.

- Hver er aðdragandinn að uppsögn hjúkrunarfræðinga?

- Hjúkrunarfræðingar hafa nú í langan tíma verið óánægðir með lélega kjör sín. Sérstaklega vegna þess hve kaupmáttur launa okkar hefur farið minnkandi á undanförnum árum. Félag okkar hefur verið gersamlega máttlaust við að gæta hagsmuna okkar. For-

Frh. bls. 3

Fundur í Sókn:

Stjórnin afhjúpar sig!

Starfsmannafélagið Sókn hélt félagsfund 16. febrúar. Voru þar á dagskrá skattamál, kjaramál, og almenn félagsmál. Voru margar félagskonur undrandi á þessari dagskrártilhögun, þar sem stéttafélögin halda nú mörg fundi um kjaramál eingöngu, og veitir ekki af fundartímanum til þeirra umræðna.

En í Sókn fór 1 1/2 tími í skattamál, hálftími í kaffihlé og hálftími í kjaramál! Vakti þessi tilhögun almenna óánægju. En þrátt fyrir þetta urðu umræður snarpar þennan hálftíma. Fram komu tvær tillögur um 100-þús. króna vísitölutryggð lágmarkslaun, önnur að hálfu

Frh. bls. 3

Þegar verkafólk fær að ráða litnum á kaffistofunni

sjá baksíðu

VERKALÝÐS-BLAÐIÐ
ARÐRÆNDIR OG KÚGAÐIR ALLRA LANDA SAMEINIST!

KVENNABARÁTTA Á GRUNDVELLI STÉTTABARÁTTU

Í tilefni af 8. mars, alþjóðlegum baráttudegi verkakvenna vilja EIK(m-l) fara nokkrum orðum um kvennabaráttu í kapítal-ísku auðvaldsríki. Samkvæmt íslenskum lögum hafa konur jafnan rétt á við karlmenn. En í framkvæmd er raunin önnur. Geysilegt misrétti ríkir milli karla og kvenna jafnt í atvinnulífinu sem og á heimilunum. Orsakir þessa misréttis er varla hægt að skilja án þess að gera sér grein fyrir stöðu konunar sem varavinnuafls í auðvaldsþjóðfélagi Íslendinga. Þegar gróði auðvaldsins eykst og auðherrarnir auka framleiðsluna sækjast þeir eftir konum til starfa, en undireins og kreppir að í auðvaldsheiminum þá dynja uppsagnir á konunum. Atvinnuöryggið er sáralítið, barnagæslan í algjöru lágmarki "því annars gætu konurnar farið að líta á það sem sjálfsagðan hlut að vinna úti". Þannig eru konur notaðar sem varavinnuafl og stór hluti þeirra hefur engan möguleika á því að losna af heimilunum og taka þátt í atvinnulífinu.

Í rauninni er kúgun konunnar miklu eldri en auðvaldsskipulagið. Hún er jafngömul einkaeigninni og stéttaþjóðfélaginu. Form kúgunarinnar, hvernig hún birtist, ákvarðaðist bæði í þrælasamfélagi fornaldarinnar og í lénskipulagi miðaldanna af ríkjandi framleiðsluafstæðum. Í dag er konan í rauninni tvöfalt kúguð. Það að konan er kúguð sem kyn stafar af þeirri ábyrgð, sem hún ber á endurframleiðslunni - þ.e. umönnun barna. Arðrán borgarastéttarinnar höfðar til konunnar sem hinnar góðu móður og húsmóður þegar henta þykir að geyma hana á heimilinu. Samfara því eru fjárveitingar til barnaheimila skornar niður og þeim jafnvel lokað því að ekki má vera auðvelt fyrir konurnar að sleppa að heiman. Vegna arðsursins og fastheldni á ævagamlar venjur síðan heimilið var framleiðslueining hafa heimilisfeður þau forréttindi að þurfa ekki að taka þátt í svokölluðum kvennastörfum. Þetta þýðir þó ekki að karlar séu höfuðandstæðingar kvenna, heldur verður að setja baráttuna gegn forréttindum karlmannsins í samhengi við sameiginleg baráttumál allrar verkalýðsstéttarinnar gegn auðvaldinu. T.d. næg atvinna fyrir bæði kyn, næg laun, vinnudagur sniðinn að aðstæðum húsmæðra, sameiginlegt barnauppeldi.

En hvernig ber þá að haga baráttunni fyrir frelsi og jafnrétti konunnar? Enginn frelsar konuna undan kúguninni nema hún sjálf með stétt sinni. Því þurfa konur úr hópi vinnandi alþýðu kvennahreyfingu sem er sjálfstæð og baráttuaðferð sem miðast við hagsmuni verkakvenna og vinnandi alþýðu en hleypur ekki eftir duttlungum borgaralegra hugmynda svo sem kvenrembu (femínisma).

En hvað með Rauðsokkahreyfinguna? Er hún ekki einmitt það afl sem verið er að tala um hér að ofan? Nei Rauðsokkahreyfingin eins og hún er skipulögð í dag getur aldrei barist fyrir frelsun konunnar. Þetta laustengda starfshópaskipulag hreyfingarinnar er einkennandi fyrir femínisma (Þ.e. þeir sem stilla karlmanninum upp sem höfuðóvini), drepur niður starf og veitir frelsi fyrir hvers kyns hentistefnu og hringlandahátt. Borgaraleg öfl grassera í hreyfingunni að vild - árangur starfsins því brotakenndur og enginn þegar á reynir.

Kvennahreyfingin verður að byggja á baráttudug kvenna og má ekki treysta þingfulltrúum eða öðrum útsendurum auðvaldsins fyrir baráttu sinni. Þingsalakarp borgaralegu flokkanna er kapphlaup þeirra til þess að ná atkvæðum kvennanna og vernda hagsmuni auðvaldsins.

Hagsmunir verkakvenna verða að vera leiðandi í kvennabaráttunni vegna þess að þær ásamt verkamönnum eru í mestri mótstöðu við borgarastéttina. Baráttumálin verða að fela í sér sameiginlega lausn karla og kvenna úr verkalýðsstétt, þau hafa allt að vinna og engu að tapa í byltingunni. Verkakonur og fjölmargar konur úr smáborgarastétt fylkja sér gegn auðvaldinu og sjá sér hag af afnámi þess.

HEIMAVINNANDI - ÚTIVINNANDI KONUR:
BYGGJUM OKKAR BARÁTTUSAMTÖK ER RAUNVERULEGA STARFA Á GRUNDVELLI STÉTTABARÁTTU!

Endanlegur sigur í jafréttisbaráttunni og fullt frelsi kvenna næst aðeins með sigri sósíalismans. - Myndin er frá Alþýðulýðveldinu Albaníu. (Mynd: KLASSEKAMPEN)

Gegn erlendri stóriðju

Álverið og reynslan

Stóriðjustefna með "hjálp" erlendra auðhringa er nú helsta leið íslenska stórauðvaldsins til að reyna að bjarga sér út úr kreppunni og til að sneiða hjá kostnaðarsamri uppbyggingu fiskiðnaðar. Fyrrum var stefnt að orkusölu til stóriðju sem algerlega er í höndum erlendra auðhringa, sbr. Straumsvíkurverksmiðjan. "Vinstri" stjórnin flikkaði aðeins upp á stefnuna með því að setja skilyrði um meirihlutaeign íslenska ríkisins í stóriðjunni fyrir erlendri fjárfestingu hér og að hækka skyldi verðið á raforkunni til hennar. Þetta var gert að tilhlutan Alþýðubandalagsins.

Nú hefur stjórn hinna borgaraflokkanna tekið þessa afar hagkvæmu stefnu fyrir stórauðvaldið upp á arma sína. Báðar þessar stefnur eru í raun jafn hættulegar efnalegu sjálfræði Íslands og fjandsamlegar sósíalismanum. Hverju skiptir til dæmis eignaraðild íslenska ríkisins, þegar hráefni, tækniþekking, sölustarf og 45% ágóðans eru í höndum erlendra gróðaafla? Nei, íslenska einokunarauðvaldið selur sífellt stærri hluta sjálfræðis þjóðarinnar fyrir eiginn gróða. Fyrir það skiptir engu hvort mótaðilinn í fyrirtækinu er norskur milljarðahringur sem borgar nokkrar krónur fyrir kílówattstundina eða hvort hann er bandarískur eiturspreng jufram-leiðandi.

Burt með falska verkalýðsforingja.

Álverið hefur nú arðrænt um 5oo íslenska verkamenn og konur í mörg ár og valdið ómetanlegum skaða vegna mengunar næsta umhverfis verksmiðjunnar, auk þess sem verkafólk hefur hlotið varanlegt heilsutjón af völdum hennar. Álverið hefur gengið fyrir rafmagni sem selt er á verði sem nær tæplega framleiðslukostnaði. Í stjórn þess sitja meðal annars "sósíalistar" líklega til þess að fylgjast með svívirðunni, hirða drjúgan afrakstur af bitlingunum og breyta ósómanum "innanfrá" - en það eru þeir Ingi R. Helgason og Stefán Jónsson úr forystuliði Alþýðubandalags. Ef til vill eru það þeir sem notaðir voru til að fá að lána 2o milljónir þýskra marka til álversins frá falssósíalistunum í Austur-Þýskalandi (Dresdener Bank AG)?

ALUSWISS á 98 fyrirtæki víðs vegar um heiminn og hefur í vinnu 3o - 35 þús. manns. Bauxítinu (hráefninu) rænir það aðallega frá Gíneu og Sierra Leone, en veltan er 5-lo milljarðar svissneskra franka. Tveir svissneskir nýlenduherrar sitja í stjórninni fyrir ÍSAL og m.a. við hlið þeirra Alþýðuflokksmaðurinn Kjartan Jóhannsson (til maí 1975) auk Alþýðubandalagsmannanna og allra hinna. Þessir herrar hljóta að bera ábyrgðina á kjarasamningum þar sem þrjár launahækkanir á árinu 1975 (í 46% verðbólgu) náðu lo.8%, 3% og 16%, þannig að útkoman var hrein og bein kauplækkun.

EIK(m-l) segja: Burt með erlenda stóriðju, burt með ÍSAL og burt með fölsku verkalýðsforingjana!

Auðlindabrask

Ríkisstjórnin vísaði frá samningstilboði Efnahagsbandalagsins um fiskveiðar innan lögsögunnar íslensku nú fyrir skömmu. Um það hvað tilboðið sjálft snerist fær "auðvitað" alþýða manna ekkert um að vita. Orsökin fyrir því að EBE-samningarnir hafa ekki enn verið gerðir, er samt ekki umhyggja ríkisstjórnarinnar fyrir fiski og afkomu vinnandi fólks. Ríkisstjórnir (bæði hægri og "vinstri") hafa margoft lýst sig reiðubúnar til að versla með auðlindir Íslands fyrir hönd auðvalds í verslun og iðnaði. Nú er það skortur EBE á sameiginlegri stefnu í fiskveiðimálum sem tefur samningagerð.

Um leið og EBE hefur mótað stefnu sína í fiskveiðimálum munu ofnýttir fiskistofnar við Ísland verða falir fyrir söluleyfi íslenskrar útgerðar í EBE-löndum, fyrir gagnkvæma verslunarsamninga, tollaívilnanir o.fl.
Hins vegar hefur ríkisstjórnin samþykkt hugmyndir EBE um veiðar íslenskrar útgerðarjöfra við Grænland - á miðum kúgaðrar þjóðar sem Efnahagsbandalagið hefur rænt lögsögu sinni!

En minnkar áskin íslensku stórútgerðarinnar í fiskinn í samræmi við ráðleggingar vísindamanna, vegna stórhættu á hreinni eyðileggingu heilla fiskistofna? Nei, öðru nær: áskinin eykst fremur en hitt, það sýnir framleiðsluaukning SÍS og Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna hvað best. Rányrkjan heldur áfram með vaxandi þunga!

Færeyjasamningarnir.

Færeysku samningarnir eru gerðir til gagnkvæmra hagsbóta fyrir íslenska og færeyska atvinnurekendur sem arðræna alþýðu beggja landanna. Um er að ræða samninga sem afsala báðum þjóðum eftirliti og algjörum yfirráðum yfir auðlindum sínum. Rökin um að "kolmunni og loðna séu ekki fullnýttir fiskistofnar" varða okkur engu, það sem máli skiptir í þessu sambandi, er grundvallarstefna í hafréttarmálum, þ.e. barátta gegn allri rányrkju og samningum, sem er mikilvægari.

Margir segja sem svo að við getum veitt færeyskri alþýðu stuðning í baráttu hennar fyrir efnahagslegu og pólitísku sjálfstæði Færeyja. Þetta sjónarmið á vissulega rétt á sér, en hins vegar á það viðhorf vaxandi fylgi að fagna meðal framsækinna í Færeyjum, að neitun erlendra þjóða á fiskveiðiheimildum til handa Færeyjum muni styrkja þau öfl í Færeyjum sem berjast fyrir fiskverndun við Færeyjar og sjálf stæði eyjanna. Afstaða EIK(m-l) er því byggð á mati fjölda manna í Færeyjum sjálfum.

Hagsmunir verkalýðs og annarrar vinnandi alþýðu eru þeir að landið geti staðið á eigin fótum í efnahagsmálum, treyst á auðlindir sínar og sjálfsbjörg í framtíðinni. Auk þess eru færeysku samningarnir fordæmi t.d. gagnvart A-Evrópuþjóðunum. Þá skal það undirstrikað, að íslensk borgarastétt leitar

Frh. bls. 3

Til Stéttabaráttunnar - af gefnu tilefni

Stéttabaráttan, málgagn hópsins sem nefnir sig "Kommúnistaflokk Íslands " reynir nú að sannfæra lesendur sína um að EIK(m-l) styðji ASÍ-forystuna í stéttabaráttunni. Röksemdir eru þær að EIK(m-l) setji fram kröfur um að lágmarkslaun yrðu vel yfir loo.ooo kr. á mánuði, en þessa kröfu setur ASÍ fram líka! Ólafur Kristjánsson hafnarverkamaður sagði í viðtali við Verkalýðsblaðið að kaup þyrfti fyrst um sinn að vera 115-12o þúsund krónur á mánuði. Skyldi hann styðja ASÍ-forystuna!

Stéttabaráttunni og sumum lesendum hennar til glöggvunar skal eftirfarandi tekið fram:
1. EIK(m-l) setti kröfuna um loo þúsund krónur lágmarkslaun fram fyrst allra samtaka á láglaunaráðstefnu 14. nóv. síðastliðinn.
Þessi krafa á svo öflugan hljómgrunn að ASÍ og flest aðildarfélög hafa tekið hana upp - og þá ekki fyrir tilstilli baráttu EIK(m-l) heldur vegna þess að þeir þora ekki öðru, og láta undan þrýstingi frá verkafólki almennt.
2. Félagsfundir (t.d. í Iðju) og ummæli ASÍ-forystunnar sýna að "verkalýðsforystan" ætlar alls ekki að fylgja þessari kröfu eftir eða skipuleggja baráttu fyrir henni - af því leiðir að það táknar alls ekki samstöðu með ASÍ-forystunni þótt ein af fleiri kjarakröfum EIK(m-l) séu samhljóða kröfum hennar.
3. Í kjarabaráttunni verða kjarakröfur að vera sameinandi, fallnar til fjöldabaráttu og árangurstryggar. Kaupkrafa upp á 5o-6o% kauphækkun (ásamt öðrum sem tryggja að nokkru viðhald kaupmáttar) er slík krafa.
4. "KFÍM/L" setur fram kröfuna um lífvænleg laun fyrir 4o stunda vinnuviku - sem "byltingarsinnaða kjarakröfu" (Stb. nr. 7 bls 3) dagsins. Hún táknar yfir loo% kauphækkun. EIK(m-l) eru ekki og hafa aldrei verið andvíg þessari kröfu sem almennri langtímakröfu. En sem kjarakrafa dagsins er hún hentistefnan og ævintýrablaðrið eitt. Í raun er harla ólíklegt að henni verði náð innan ramma auðvaldsþjóðfélagsins - enda hvað eru lífvænleg laun? Af hverju vill "KFÍM/L" miða við vísitölu framfærslu (ca. 16o.ooo kr. á mánuði)? Þessi tala er of lág, ætti alveg eins að vera 2oo.ooo kr. Og hvar lifir verkalýður í auðvaldslandi í raun af dagvinnu - hvergi! Ekki einu sinni í Svíþjóð, þar sem styrkir og bætur, vaktaálag ofl. fleytir fólki áfram fyrir utan kaup að frádregnum sköttum.
Og baráttan 1942, skemmdarverkföllin, sem "KFÍM/L" hrósar réttilega, færði 4o% kauphækkun. Hvernig kemur það heim og saman við gagnrýni "KFÍM/L" á 6o% kröfu EIK(m-l)?

Að lokum:
Kjarabaráttan byggist á réttri baráttuaðferð, langvinnri og sívirkri baráttu þar sem einn áfangi tekur við af öðrum. Hún er ekkert sýnisvið fyrir ruglaða falsmarxista, sem halda að baráttan vinnist ef kröfurnar eru sem mestar og "byltingarsinnaðastar".

Félagsfundir t.d. í Dagsbrún hafa í áraraðir - allt frá kreppuárunum - margoft rætt um og jafnvel samþykkt sem baráttuyfirlýsingu kröfuna um lífvænleg laun. En það er langt í land með slíkt og á ekkert skylt við skrifborðskenningar spekinga Stéttabaráttunnar.
Aðalkröfur verkafólks eru:
- loo.ooo kr. mánaðarlaun sem lágmark!
- Fullar vísitölubætur!
- Engar verðhækkanir á lífsnauðsynjum!
- Gegn auknum skattaálögum!

Engar málamiðlanir eru mögulegar og taka verður samningsvaldið frá ASÍ-forystunni og fá það nefndum félaganna í hendur.

utan úr heimi

Viðskiptin við Sovétríkin:

Alþýðubandalagið ber blak af Sovétríkjunum vegna njósna þeirra út um allan heim, með því að segja að hitt risaveldið, Bandaríkin, njósni líka! og að allt sé ofur eðlilegt og engin hætta á ferðum vegna þessa. Eina ráðið sé að losa sig við herstöðvarnar af Íslandi.

Okurverslun sem ekkert á skylt við sósíalisma

Hér er alvarleg blekkingarstarfsemi á ferðinni. Bandaríkin njósna um allar jarðir til að tryggja hag sinn. Því skal berjast gegn þeim og gera landið óháð NATO. Sovétríkin njósna líka um allar jarðir - ekki til að verja sósíalismann, heldur til að ryðja braut ofsóknum á hendur kommúnistum og yfirgangi á hendur róttæku verkafólki og alþýðu. Því skal berjast gegn áhrifum Sovétríkjanna og gera landið óháð þeim. "Hlutlaus" ríki, þar sem NATO hefur engar herstöðvar, svo sem Sviss, Lúxemburg og Svíþjóð, eru kaffærð í njósnum og þar eru gerðar alls kyns æfingar sem eru hluti hernaðaráætlana beggja risaveldanna

Þannig má glögglega sjá, að njósnir risaveldanna á Íslandi stafa ekki af tilvist NATO einni saman eða "eðlilegum" áhuga Sovétríkjanna, heldur af kaldri heimsvaldastefnu tveggja stærstu auðríkja heims. Verslunarstefna Sovétríkjanna (og Bandaríkjanna) gagnvart Íslandi er ein hlið þessarar heimsvaldaásælni, njósnir og hernæfingar önnur - manndráp, ofsóknir og stríð sú þriðja.

Allir þeir úr Alþýðubandalagi og Framsókn sem gera lítið úr hættunni af risaveldunum á Íslandi og reyna jafnvel að troða ásökunum um njósnir upp á Alþýðulýðveldið Kína og starfsmenn utanríkisþjónustu þess hér á landi - algerlega að tilefnislausu - eru hinir verstu afturhaldsmenn.

Njósnir + verslun = ógnun?

Í afstöðu borgaraaflanna og hinna fölsku verkalýðsflokka koma aðallega fram 3 stefnur gagnvart samskiptum Sovétríkjanna og Íslands. Auðstéttin er klofin að vissu marki: Meirihlutinn með Sjálfstæðisflokkinn í broddi fylkingar rekur áróður gegn "kommúnisma" Sovétríkjanna, blæs sig upp út af kúguninni þar í landi og yfirgangi Sovétríkjanna, en vill samt halda áfram og stórauka verslun við þau. Einokunarauðvaldið með SÍS í broddi fylkingar ver Sovétríkin sem samskiptaaðila og vill auka margfaldlega viðskiptin við þau. Alþýðubandalagið ver Sovétríkin sem "gallað sósíalískt ríki", vill halda fast í hinn "sósíalíska markað" þar og segir njósnir "eðlilegar" með tilliti til heimsástandsins, en segir svo yfirgang Sovétríkjanna (t.d. í Angóla) frelsisbaráttu!

Verslunin við Sovétríkin.

Í upphafi var verslun Íslands við Sovétríkin, sem á þeim tíma voru sósíalísk, í formi jafnra vöruskipta. Slíkt form var í fullu samræmi við sósíalíska utanríkisstefnu Stalíns og bolsévíka. Með valdatöku nýrrar auðstéttar sem smám saman þróaðist í Sovétríkjunum, breyttust viðskiptahættirnir. Innflutningur Sovétríkjanna frá Íslandi minnkaði að verðgildi, en minna að magni til. Samtímis jókst útflutningur Sovétríkjanna til Íslands bæði að magni og verðgildi. Þarna gerðist margt samtímis.

Sovétmenn greiða hlutfallslega lægra verð fyrir afurðirnar frá Íslandi en áður, en auka í sífellu olíuinnflutninginn til Íslands og láta verðið fylgja heimsmarkaðsverði. Þannig varð til rúmlega 1o milljarða kr. skuld við Sovétríkin á tímum "vinstri" stjórnarinnar síðustu. Skuldina notuðu Kremlverjar svo m.a. til þess að setja innflutningi skilyrði og hirða lánavexti af henni.

Síðan gerist það að Sovétmenn heimta greiðslu í reiðufé í stað vöruskipta og ganga því endanlega frá grundvallaratriðum fyrri samninga. Þannig streymir fjármagn frá Íslandi til Sovétríkjanna og geta þau því haldið áfram að hagnast á Íslandi, án þess að þurfa að taka vörur upp í skuldir eða olíu sína. Sovétverslunin er í raun okurverslun, hvernig svo sem SÍS og ríkisvaldið reyna að verja hana. Sölumiðstöð Hraðfrystihúsanna, SÍS og olíufélögin lifa á henni, en fela þá staðreynd, að verð sem Sovétríkin greiða fyrir íslenska útflutninginn er lágt - en olíuverð Sovétríkjanna aftur á móti er í samræmi við hæsta heimsmarkaðsverð.

Verslun Sovétríkjanna á ekkert skylt við sósíalisma. Hún er verslun kapítalísks risaveldis sem reynir að halla á viðskiptaaðila sinn og gera hann sér háðan . Þessi verslun er íslensku auðhringunum viss lífæð sem er hagkvæm vegna lágra launa og lágs framleiðslukostnaðar á Íslandi. Þetta er sú utanríkisverslun sem Alþýðubandalagið og Framsóknarflokkurinn verja á framar öllum öðrum flokkum.

1. MAÍ - BARÁTTUDAGUR VERKALÝÐS

Hópur verkafólks á Akureyri og í Reykjavík hefur nú hafið baráttu fyrir því að mynduð verði samfylking 1. maí og verði grundvöllur hennar fyrst og fremst baráttan gegn stéttasamvinnustefnu verkalýðsforystunnar annars vegar og hins vegar barátta gegn heimsvaldastefnunni og yfirgangi og stríðsstefnu risaveldanna, Bandaríkjanna og Sovétríkjanna. Jafnframt verður lögð áhersla á verndun efnahagslegs sjálfræðis Íslands. Þetta setja baráttusinnar fram fyrst og fremst gegn sáttapólitík verkalýðsforystunnar við auðherrana, en einnig er þetta sett fram til höfuðs þeirri verkalýðsfjandsamlegu stefnu, sem hópar eins og t.a.m. Fylkingin og "KFÍ/ML" hafa til margra mála.

Undirbúningur þessarar 1. maí-samfylkingar mun þegar vera hafinn. Mikil áhersla verður lögð á að kynna stefnu hennar á vinnustöðum og í stéttarfélögum, og fólki bent á nauðsyn þess að skipuleggja sig. Ætlunin mun vera sú, að halda kynningarfundi, og dreifiritaútgáfa til kynningar á stefnu samfylkingarinnar er fyrirhuguð. VERKALÝÐSBLAÐIÐ mun skýra nánar frá undirbúningi 1. maí-aðgerðanna í næsta blaði.

EIK(m-l) og samstarfstilboðin

EIK(m-l) hafa fengið tilboð frá bæði "KFÍ/ML" og Fylkingunni um samstarf 1. maí. Þeim tilboðum var báðum hafnað á svipuðum forsendum, en þær eru:
1. EIK(m-l) munu væntanlega ekki sem samtök taka þátt í neinum 1. maí-aðgerðum.
2. EIK(m-l) leitar ekki eftir samstarfi né tekur tilboðum um samstarf frá áðurgreindum samtökum, eða flokkum s.s. Alþýðubandalagi eða Alþýðuflokki. Ástæðan er starf og stefna áðurnefndra samtaka og flokka.

Við teljum að ekki sé nóg, að samtök eða flokkar segist vera verkalýðssinnuð/-aðir. Verkin hafa dæmt þessa aðila sem fjandsamleg verkafólki. Það þjónar því aðeins andstæðingnum, auðvaldinu, að hafa samstarf við þessa aðila, því það vekur falskar hugmyndir meðal alþýðunnar um stefnu og starf þeirra. Það skal tekið fram og á það lögð áhersla að framangreint á engan veginn við einstaka félaga innan framangreindra samtaka og flokka, sem berjast vilja stéttabaráttu og þjóna þannig fjöldanum. EIK(m-l) starfa heils hugar með baráttusinnuðum einstaklingum úr þessum samtökum, en samstarf samtakanna við fyrrnefnd samtök og flokka á samtakagrundvelli, mun ekki koma til greina.

Hjúkrunarfræðingar

Frh. af forsíðu

ystan hefur átt það sammerkt með BSRB að leyfa launakjörunum drabbast óáreitt niður. Í haust var haldinn fundur í Hjúkrunarfélaginu, og þá lagði stjórnin mikla áherslu á það, að nú yrði að fara út í aðgerðir. Hjúkrunarfræðingar á Landakoti, Borgarspítalanum, Vífilsstöðum og Landsspítalanum héldu vinnustaðafund í framhaldi af því. Allsstaðar var samþykkt, að undanskildum Landsspítalanum að eina raunhæfa leiðin væri að fara út í fjöldauppsagnir. Á næsta félagsfundi hafði stjórnin hins vegar engan áhuga á aðgerðum, vildi fresta öllu fram til 1. maí, þegar opinberir starfsmenn fengju takmarkaðan verkfallsrétt - og taldi mjög kjarkinn úr félagsmönnum.

Í október í fyrra sögðum við upp störfum okkar á áðurnefndum stofnunum frá og með 1. janúar. Við hefðum helst kosið að leggja niður vinnu frá þeim degi, en ríkisvaldið beitti fyrir sig lagakrókum og neyddi okkur til að vinna þrjá mánuði lengur, þ.e. til 1. apríl n.k. Okkur finnst það ekki þess virði að leggja niður vinnu um leið og allir aðrir hæfu vinnudeilur, það myndi aðeins draga athyglina frá kröfum og baráttu okkar.

- Hverjar eru kröfur ykkar?

- Að hægt sé að lifa af grunnlaunum. Byrjunarlaun hjúkrunarfræðinga eru í dag skv. launaflokki B 10 eða 1o2.44o.- kr. Svo virðist þó sem ætlunin sé að þeir hjúkrunarfræðingar sem útskrifast á næstunni frá Háskólanum þurfi laun skv. launaflokki B 18 til að lifa af. Það gera 134.462.- kr. á mánuði í byrjunarlaun. Við teljum að ríkisvaldið hafi engann rétt til þess að sundra okkur á þennan hátt.

- Hver hafa viðbrögð ríkisvaldsins verið?

- Engin - Það hefur ekkert verið talað við okkur. Það er greinilegt að ætlunin er að hræða okkur til uppgjafar.

- Hvernig hefur þátttakan og samstaðan verið?

- Mjög góð - á Landakoti er um 9o% þátttaka í uppsögnunum. Líklega verður þó hægt að reka að einhverju leyti áfram tvær deildir með þeim fáu sem ekki hafa sagt upp. Á Borgarspítalanum verða hins vegar fleiri deildir opnar, þar sem hjúkrunarnemar verða látnir ganga inn í störf okkar. Hjúkrunarfræðingar sögðu ekki upp á Landsspítalanum. En ljóst er að álag þar mun aukast stórlega. Með góðri samstöðu okkar munu uppsagnirnar því fyrr eða síðar neyða ríkisvaldið til uppgjafar.

Við viljum bæta því við, að við njótum mikils stuðnings meðal annarra starfshópa sjúkrahúsanna. Það er t.d. hægt skv. lögum að skylda sjúkraliða til að vinna störf hjúkrunarfræðinga undir stjórn lækna, en sjúkraliðar söfnuðu undirskriftum sjúkraliðum þar sem þeir ítreka að þeir muni ekki ganga inn í störf okkar. Sömuleiðis hafa læknar á Landakoti og Borgarspítalanum sýnt okkur stuðning með því að neita að taka slysavikur.

- Að lokum?

- Því miður eru allar líkur á að af uppsögnunum verði vegna viðbragða ríkisvaldsins. En við erum ákveðin í að standa hörð á kröfum okkar, þó svo að ríkið tali ekkert við okkur fyrir 1. apríl. Við lítum svo á, að starf okkar sé svo mikilvægt, að samstaða okkar hlýtur að leiða til sigurs.

Sókn

Frh. af forsíðu

stjórnarinnar, en hin utan úr sal og gekk sú lengra. Í fyrsta lagi tók hún fram, að kauphækkunin kæmi öll í einu, sem er mikilvægt og í öðru lagi skuldbatt tillagan stjórn og samninganefnd Sóknar til að halda félagsfund um lægri tilboð frá atvinnurekendum. Yrði hann að koma til áður en stjórnin/samninganefndin hefði ljáð máls þar á eða undirritað slíkt samningstilboð. Má öllum ljóst vera sá munur, sem er á því að ræða tilboð frá atvinnurekendum,eða samning, sem stjórn/samninganefnd hafa þegar samþykkt fyrir sitt leyti. En stjórn Sóknar brást hin versta við þessarri tillögu og rangfærði hana á alla lund. Vegna tímaskorts til umræðna dró flutningsmaður tillöguna til baka. Tillaga stjórnarinnar var síðan samþykkt

"Ævintýrapólitík!"

Fram kom tillaga um að Sókn segði tafarlaust upp samningum og tæki uppsögnin gildi 17. mars. Þessi tillaga vakti mikla ólgu og kallaði Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, formaður Sóknar þetta "ævintýrapólitík"! Yfirleitt kom það á óvart, hversu staðfastlega Aðalheiður lagðist gegn öllum tillögum sem beindust gegn ASÍ-forystunni, og fyrir því, að Sókn tæki sjálf upp baráttu. Aðalheiður hefur semsé orðið fræg fyrir andstöðu gegn þessarri sömu forystu, en á þessum fundi kom skýrt í ljós, að hún er rakinn stéttasamvinnupáfi sem beitir nýrri og hættulegri baráttuaðferð,slær sér upp með róttækum yfirlýsingum og höfðar þannig til andstöðunnar í verkalýðshreyfingunni.

Gott dæmi um þetta er að Aðalheiður lagðist gegn tillögu um að Sókn hunsaði kjaramálaráðstefnu ASÍ, þar sem hún væri lokuð almennum félagsmönnum verkalýðshreyfingarinnar, en Aðalheiður hafði áður í ræðu og riti fordæmt harðlega þessa tilhögun ráðstefnunnar! Semsé: yfirlýsingarnar einar eru hennar "barátta"!

Furðuleg fundarsköp.

Fundarsókn var sérlega góð og var mikið um ný andlit og nýjan anda. Var baráttuhugur í mörgum konum, en eins og áður sagði stórspillti dagskrárröðunin. Í umræðum um kjaramálin og fundarlok vakti líka fundarstjórnin óánægju, en skv. lögunum stjórnaði formaður fundi og þverbraut öll fundarsköp, m.a. með yfirlýsingum og athugasemdum um tillögur meðan hún var að bera þær upp. Enn fremur var mælendaskrá aldrei lokað, heldur allt í einu hafist handa við að afgreiða tillögur og sjálf bað Aðalheiður aldrei um orðið, heldur talaði sem fundarstjóri. Dagskrárliðunum "félagsmál" og "önnur mál" var sleppt athugasemdalaust af fundarstjóra, hvað þá að það væri borið undir atkvæði að sleppa þeim!

Þessi makalausa fundarstjórn vakti furðu og reiði og komu fram vítur á formann sakir tillöguflutningsins. Ein ung stúlka, sem aldrei fyrr hafði hafði komið á Sóknarfund hafði þetta að segja: "Formaðurinn rekur félagið eins og sitt einkafyrirtæki"!

Auðlindabrask

Frh. af bls. 2

alltaf eftir sókn í hámarksgróða: til rányrkju, ofnýtingar og eyðileggingar á landsins gagni og gæðum.

Færeysk og íslensk alþýða, jafnt sem færeyskir og íslenskir kommúnistar, hafa sameiginlegan hag af því að berjast gegn allri rányrkju og samningum. Verkalýðurinn og baráttusveit hans geta í raun ein tryggt skynsamlega nýtingu auðlinda, rétta milliríkjasamninga og gagnkvæma fiskvernd, í bandalagi við aðra hluta alþýðu lands síns. Baráttan fyrir þessu er hluti baráttunnar fyrir sósíalísku þjóðfélagi og alræði verkalýðsins.

ÚTSENDARAR BORGARASTÉTTARINNAR



Atvinnurekendur og ýmiss konar "verkalýðsforingjar" birta oft línurit sem sýna eiga þróun kaupmáttar verkafólks yfir svo og svo langt tímabil. Er þá kaup oftast miðað við nokkra kostnaðarliði sem mynda svonefnda vísitölu framfærslukostnaðar.

Falsanir atvinnurekenda

Tilgangur atvinnurekenda með öllum línuritunum og talnaflóðinu er sá, að sýna fram á að kjör hafi almennt batnað þegar "greiðslugeta" atvinnuveganna hefur leyft það og "þjóðarhagur" hefur blómstrað. Ennfremur vilja þeir sýna fram á að kauphækkun leiði án undantekningar til verðbólgu eða launahækkun eins starfsgreinahóps hljóti alltaf að leiða til þess að aðrir starfsgreinahópar fái þá hlutfallslega minna í sinn hlut: Þetta er hin alræmda kenning auðvaldsins um "launakökuna" sem einstaka starfshópar verkalýðsins eiga að vera að skipta á milli sín - ef einn hópur fær stærri sneið en áður, þá verður annar hópur að láta sér næja minna! Afar mikilvægt er að sjá í gegn um þessar falsanir á raunveruleikanum.

1. "Greiðslugeta" atvinnuveganna er sá hluti ágóðans sem eftir er þegar atvinnurekendur hafa dregið frá allan kostnað; fjármagn til fjárfestinga, afskrifta, launa, skatta og fl. Þá eru þeir þegar búnir að ráðstafa stærstum hluta þeirra verðmæta sem verkafólkið hefur framleitt. Eftir er hreinn gróði: aðeins lítið brot af því sem í raun er réttmæt eign framleiðendanna, verkafólksins sjálfs. Sé þessi hreini ágóði lítill er sagt að "greiðslugetan" sé ekki nógu góð til að bera kauphækkanir, því jafnvel er sýnt fram á "stórtap" á stæðilegustu fyrirtækjum. Þetta stafar af því að skattalöggjöfin sem auðvaldið sjálft hefur sniðið eftir sínum þörfum, gerir ráð fyrir því að atvinnurekendurnir geti metið öll verðmætin til útgjalda.

2. "Þjóðarhagur" er ekki til. Verkalýður sem lifir af sölu vinnuafls fyrir sem hæst verð, getur enga sameiginlega hagsmuni átt með þeim sem lifa af því að láta nota vinnuafl fyrir sem lægst verð, til að auka við verðmæti (framleiðsluna). Auðherranum er lífsnauðsyn að viðhalda umsvifum sínum og auka þau með því að hafa launakostnað sem minnstan og framleiðnina sem mesta. Þjóðin er sem sagt skipt í tvær höfuðstéttir: það sem er hagur annarrar er tap hinnar.

3. Kauphækkun er bætur fyrir rýrnandi kaupmátt sem verkafólk verður undantekningarlaust að knýja fram. Verðlag hækkar fyrst, en svo kaupið vegna baráttu verkalýðs. Hvernig getur þá kauphækkun valdið verðhækkunum sem koma á undan kauphækkunum? !!

Auðstéttin nær aftur launahækkunum með því að hækka verðlagið strax og kauphækkun hefur tekið gildi, enda ræður hún yfir þeim valdaþráðum sem til þarf. Auðstéttin leyfir ekki að gengið sé á gróða hennar umfram það sem nauðsynlegt er, til að halda verkalýðnum "í skefjum".

4. Heildarlaunaútgjöld er alls engin fastákveðin "launakaka". Þvert á móti eru laun tekin af verðmætum sem verkafólk skapar. Hækki laun, minnkar hlutur/gróði auðherrans af þessum verðmætum. Auðvitað reyna auðherrarnir að taka hækkun til eins hóps af launum annars. En sé samstaða um launakröfur og hvergi slakað á í þeim né öðrum kröfum, saxast á þau verðmæti sem atvinnurekendur hafa slegið á eign sinni.

Ósættanleg stéttabarátta

Verkalýður og önnur vinnandi alþýða skal því berjast ósleitilega fyrir bættum kjörum, hærri launum og vinnuskilyrðum. En umrædd línurit sýna líka, að launin sveiflast alltaf um ákveðið meðalgildi. Þetta meðalgildi er sá lágmarkskostnaður sem þarf til að framfleyta verkafólki og endurnýja verkalýðsstéttina. Til þess að ná raunverulegum og viðvarandi framförum í verkalýðsbaráttunni, verður að stefna að því með baráttu fyrir þjóðfélagsvöldum verkalýðsins - sósíalískri valdbyltingu og stéttarveldi verkalýðsins í bandalagi við aðra vinnandi alþýðu.

Þannig er efnaleg (fagleg) og pólitísk barátta tveir af samtengdum þáttum stéttabaráttunnar. Ofuráhersla á efnalega baráttu (faglega baráttu) leiðir menn niður í forað umbótastefnunnar og hylur pólitískt eðli baráttunnar.

Það sem auðvaldið, falssósíalistarnir í Alþýðubandalaginu og verkalýðsforystan predikar er aftur á móti hrein stéttasamvinna: haldið er á lofti áróðri um að verkafólki beri að "hjálpa" auðvaldinu til að komast út úr ógöngum eigin kreppu, m.a. með "höflegum kjarakröfum" og með því að reiða sig á "verkalýðsflokkana", Alþýðubandalag og Alþýðuflokk. Ekkert er þessum auðvaldsöflum eins illa við og það, þegar verkafólk vaknar til pólitískrar vitundar um stöðu sína og fer að berjast stéttabaráttu í samræmi við hana.

Falsanir verkalýðsforingja

Tilgangur verkalýðsforingjanna með línuritunum er að sýna fram á að kreppa og verðbólga sé forystu Sjálfstæðisflokksins að kenna eða þá jafnvel afleiðing beinna tilskipana vestan frá Washington! Einnig vilja þeir sýna að "vinstri-stjórnir" auki kaupmátt og séu auk þess bæði "þjóðhollar og alþýðusinnaðar".

Mikilvægt er að sjá í gegn um þessar falsanir. Í raun er stjórnarseta "sósíalistanna" ekkert annað en þjónusta við auðvaldið og liður í að koma á ríkisauðvaldskerfi svipuðu og í Sovétríkjunum (það er "sósíalismi" á máli þeirra herra): Eftirtalin atriði sýna hvað hér er á ferðinni:

1. Kreppan er bein afleiðing arðránsins á verkafólki og óhjákvæmilegur fylgifiskur auðvaldsskipulagsins. Tilraunir atvinnurekenda og ríkisvalds þeirra til að halda niðri kaupmætti verkafólks, leiðir til minnkandi vörukaupa, sem svo leiðir til offramleiðslu og gjaldþrota fyrirtækja. Stjórnleysið í framleiðslunni veldur því að kreppan skekur þjóðfélagið æ harðar. Verðbólgan stafar m.a. af því að auðvaldið reynir að koma í veg fyrir minnkandi gróða og stuðla að aukinni fjárfestingu. Þá er og verðgildi krónunnar minnkað með því að prenta fleiri og fleiri peningaseðla. Verðbólgan er því viðurkennt "hagstjórnartæki" hjá auðvaldinu. Hægt er að hægja á verðbólgunni með skipulagsbreytingum o.fl., en það er aldrei hægt að stöðva verðbólguna í auðvaldsþjóðfélagi.

2. Topparnir á línuritunum í tíð "vinstri-stjórnar" sýna vissulega tímabundna aukningu kaupmáttar. En þessar stjórnir gætu aldrei breytt því að kaupmáttur lækkaði mjög fljótlega aftur, líkt og raun varð á eftir daga "vinstri-stjórnarinnar" síðustu. "Vinstri-stjórnir" hafa sprautað fé í ný framleiðslutæki og ausið úr ríkiskassanum í framkvæmdir og alls kyns styrki. Með því að setja öll hjól framleiðslunnar á fulla ferð á þennan hátt, hefur auðvaldið "polað" nokkra launahækkun í skamman tíma. Síðan hefst árásin á kaup og kjör á ný. Það hve efnahagsástandið í tíð "vinstri-stjórnarinnar" síðustu var "tryggt" má sjá af því, að þegar á síðari hluta valdatíma hennar voru vísitölubætur á laun afnumdar. Það sýnir betur en hundruð línurita og orðaflaumur úr Hjalta Kristgeirssyni og öðrum hagspekingum Alþýðubandalagsins hvert stefndi í raun.

Falssósíalistar eru hættu legir

Ljóst má vera að endurskoðunarsinnar (falsmarxistar) Alþýðubandalagsins, o.fl., leggja alla áherslu á að rétt sé og kleift að stjórna auðvaldskerfinu betur en auðvaldið sjálft nú gerir "í hag alþýðu manna". Þeir segja að ný

„KFÍ/ML" Frh. af forsíðu

Krafa þeirra um "líffvænleg laun fyrir 40 stunda vinnuviku (sem þýðir 150 þús. kr. í mán.kaup - skattfrjálst) er eitt gleggsta dæmið um þetta, því hver sem skoðar ástandið raunhæft sér að verkalýðnum verður ekki fylkt að baki þessari kröfu eins og málum er nú háttað.

En það sem ef til vill er ljósast fyrir almenningi varðandi ástand og stefnu "KFÍ/ML" er líklega "andlit" hans, Stéttabaráttan. Blað þetta einkennist af lýðskrumi og veitir enga leiðsögn í baráttunni. Stéttabaráttan sýnir framar öllu hve flokkurinn er ófær um að vinna fjöldastarf.

EIK(m-l) leiðandi afl.

-"KFÍ/ML" talar alltaf um að "brotthlaupsmennirnir" úr flokknum hafi aðeins verið 7 og að nú sé flokkurinn að fylkja liði til "nýrrar sóknar". Þeir sem hafa yfirgefið flokkinn á síðustu vikum eru hins vegar mun fleiri en "sjö-menningarnir" sem fyrst fóru út og meirihlutinn af þeim sem enn eru eftir í flokknum eru algerlega óvirkir í starfi. Forysta flokksins hefur aldrei haft sameiningu íslenskra marx-lenínista í hyggju, en hefur reynt að sundra marx-leníníska hreyfingunni á skipulegan hátt.

Við sem gengum út höfum unnið að uppgjöri við starf og stefnu flokksins, en það er hins vegar ekkert lokauppgjör við endurskoðunarstefnuna. Fullvinnsla slíks uppgjörs er framtíðarverkefni marx-leníníska hreyfingarinnar á Íslandi.

EIK(m-l) eru einu marx-leníníska samtökin á Íslandi og því óumdeilanlega forystuafl í byltingarbaráttunni. Forsendan fyrir því að styrkja kommúnísku hreyfinguna er því sú að leggja EIK(m-l) lið. Öll umræða um sameiningu ísl. marx-lenínista verður að fara fram á grundvelli sameiningarplaggs EIK(m-l) frá því í ágúst 1976. Þannig mun sameining okkar við EIK(m-l) aðeins gerast á grundvelli þess sameiningarplaggs, en ég tel að tilkoma þess á liðnu ári hafi valdið þáttaskilum í baráttu marx-lenínista á Íslandi.

ASÍ-forystan

Frh. af forsíðu

Hitt einkennið er sívaxandi samvinna forystunnar við ríkisvaldið og undirlægjuháttur við það í aðgerðum þess. Hlutur fulltrúa ríkisvaldsins í samningum hefur sífellt aukist. Hann setur fram mat á því, hvað "ríkisvaldið og atvinnurekendur þola miklar kauphækkanir", mat sem byggt er á tölum atvinnurekenda sjálfra og engu öðru. Hin "ábyrga" ASÍ-forysta vill náttúrulega stuðla að "bættum hag þjóðarbúsins", auk þess sem hún vill enga "verðbólgusamninga". Kaupmáttur alþýðuheimila skiptir ASÍ-forystuna engu, enda býr hún ekki við sömu kjör og fjöldinn.

Bráðabirgðalög ríkisvaldsins hafa þá heldur ekki sætt harðri mótspyrnu ASÍ-forystunnar. Frá henni koma í besta falli máttlausar yfirlýsingar.

Hvað ber að gera?

Eitt mikilvægasta verkefni baráttusinna í stéttarfélögunum á næstu vikum er að koma í veg fyrir að samningaumboðið verði sett í hendur ASÍ-forystunni. Jafnframt þessu verður verkafólk að hefja harðari baráttu fyrir brýnustu kjarakröfum sínum, og getur þá svo til undantekningarlaust reiknað með því að hafa forystu flestra verkalýðsfélaganna sem andstæðinga. EIK(m-l) hefur sett fram þá kjarakröfu, að kaupmáttur út næsta samningstímabil megi ekki vera lægri en hann var eftir febrúarsamningana 1974. Þetta þýðir að kaup verður nú að hækka um nálægt 50%. Jafnframt hafa samtökin barist fyrir því á undanförnum árum, að stéttarfélögin segi upp samningum og settu fram kröfuna um 100 þús. kr. lágmarkslaun. Nú er ljóst að samningum verður ekki sagt upp fyrir 1. maí, þó að gengisbreyting frá því í síðustu samningum nemi yfir 10%. Þó var það sett inn í síðustu samninga að þeim mætti segja upp, ef gengisbreyting á tímabilinu yrði "veruleg". Verðbólgan veldur því, að þann 1. maí verður 100 þús. kr.-krafan þegar orðin úrelt. Því verður krafan fyrir næstu samninga að vera sem næst 110 þús. kr. á mánuði. Þess má geta að eftir febrúar-samningana 1974 lét forystan í ljós þá skoðun, að þeir samningar væru "verðbólguhvetjandi". Fulltrúar forystunnar eru nú þegar farnir að tæpa á því, að alls kyns hliðarráðstafanir geti komið í stað kauphækkana - að nokkru leyti. Talað er um að þar geti verið um að ræða auknar fjölskyldubætur, lagfæringar á skattalögum og jafnvel samningum við sjálft ríkisvaldið um að draga úr verðbólgunni.

Reynsla undanfarinna ára hefur sýnt, að samningar um hliðarráðstafanir í stað kaupgjaldshækkunar hafa orðið minni en ella, en hinar svokölluðu hliðarráðstafanir hins vegar lítið sem ekkert bætt hag vinnandi fólks. Þarna er fyrst og fremst um að ræða blekkingarleik til að draga sem mest úr mögulegri kauphækkun. Verkafólk má ekki ljá máls á þessu, né heldur því að samið verði án fullra vísitölubóta á laun.

EIK(m-l) hefur sett fram þá skoðun, að vísitölubætur skuli greiddar með tilliti til hækkunar framfærslukostnaðar og að þær skuli greiðast mánaðarlega sem jöfn krónutala ofan á öll laun. Rauðu strikin svokölluðu hafa sýnt sig í því að vera gagnslaus, enda eru þau ekkert annað en viðurkenning á því að ákveðið kauprán megi fara fram á samningstímabilinu!

Sérstæður

Frh. af baksíðu öllum skipafélögunum.

Jón H. Einingarformaður var ekki lengi að taka undir sönginn um "jafna réttinn" og hefur síðan stutt dyggilega við þessa stefnu og öll brot á hafnarverkamönnum. Það myndi þurfa allt Verkalýðsblaðið og meira til ef ætti að telja til allan óþverrann. Ekki er þó hægt að skilja svo við þetta, að ekki sé minnst á fleira.

Flest svikin varða uppskipun

Í fyrrnefndum samningi hafnarverkamanna og skipafélaga 1973 náðist fram svokallað premíugjald, nokkurs konar bónus. Þ.e. premía pr. tonn af alls konar vöru. Premían miðast við General Cargo taxta - almennan flutningstaxta. Vöruflokkar þeir sem taxti þessi nær yfir eru tíundaðir í samningnum. En þar segir einnig, að sú vara sem ekki sé inni í samningnum eigi að greiðast samkvæmt General Cargo taxta.

En af og til hafa hafnarverkamenn fengið í hendur vörur sem ekki flokkast undir þær vörutegundir sem tilgreindar eru í samningum þeirra. Þá hefur verið farið þannig með það að stjórn Einingar hefur ákveðið í samráði við skipafélögin, án nokkurs samráðs við verkamenn. Sýnt þótti að hafnarverkamenn bæru of mikið úr býtum ef farið væri eftir hliðstæðum vöruflokkum sem eru til staðar í raunverulegum samningi, General Cargo samningi. Helstu svikin hafa átt sér stað í sambandi við uppskipun á vörum til Slippstöðvarinnar fyrir um ári síðan, þegar Jón H. gerði samkomulag við Slippstöðina um uppskipun á 12.000 plastkössum. Sú uppskipun átti að flokkast undir General Cargo taxta. Þá sagði formaðurinn vísi: -Þeim finnst þetta alltof hátt. Þeir borga þetta aldrei!

Síðan afgreiddi formaðurinn deiluna með því að lækka gildandi taxta um 200%. -Þetta verðið þið að gera ykkur ánægða með, kannski verður þetta betra næst!, sagði formaðurinn.

Eigum við verkamenn að standa að samningum á komandi vori, sem gilda eitt í dag og annað á morgun? Nei og aftur nei!

Síðustu fréttir frá Akureyri:

Nú hafa allir hafnarverkamenn á Akureyri sótt um vinnu hjá umboðsaðilum skipafélaganna, að undanskildum einum manni. Þessar umsóknir eru aðeins neyðarúrræði, þar sem verkalýðsforystan starfar gegn verkamönnunum og auk þess er alls ekki hlaupið að því að útvega sér vinnu á Akureyri eins og stendur.

Til þjóðviljans - af gefnu tilefni

Margir hafa brugðist hart við vegna fullyrðingar sem kom fram í greininni "Í fótspor Hitlers" í síðasta tölublaði Verkalýðsblaðsins. Þar sagði m.a.: "Þjóðviljinn, sem nýtur beins fjárstuðnings frá Austur-Evrópu, hyllir heimsvaldastefnu og fasisma Sovétríkjanna". Meðal annarra sem fjallað hafa um þetta er Árni Bergmann í Þjóðviljanum 8. mars og finnst það sem fram kemur í tilvitnuninni og söguskoðun marx-leníníusmans yfirleitt, "lítið fyndin rómantík".

Verkalýðsblaðið tekur undir gagnrýnina á fyrrgreinda fullyrðingu, að því leyti að traustar forsendur skortir fyrir fyrri fullyrðingunni (þ.e. um beina fjárstuðninginn) og því verða á þessu stigi málsins engar sannanir lagðar á borð þar um. Blaðamennska af þessu tagi er röng, og eru lesendur beðnir velvirðingar.

"vinstri-stjórn" með sterku Alþýðubandalagi sé allra meina bót í kreppunni. En sannleikurinn er, eins og þegar hefur ljóslega komið fram, að slík stjórn hagræðir aðeins arðráninu og leitast við að miðstýra framleiðslunni meira - lífskjarabótin sem kann að hljótast undir slíkri stjórn er aðeins tímabundin. En um leið reyna þessir falspáfar að afvegaleiða alla verkalýðsbaráttu, standa í vegi fyrir sósíalismanum og reyna að mata krókinn af bitlingasnapi í auðvaldskerfinu. Þeir búa í haginn fyrir næstu árás á alþýðuna með stjórnunaraðgerðum og tilheyra því alls ekki alþýðu, heldur borgarastéttinni.

Hvað er þá hægt að gera? Jú, hið rétta er auðvitað að verkalýður og vinnandi alþýða undir forystu síns kommúnísku forystuafls, getur barið í gegn sömu kaupmáttaraukningu og meiri án nokkurra "málamiðlana" við auðvaldið. Hið rétta er að auðvaldsskipulaginu verður að kollvarpa til að koma í veg fyrir kreppu og verðbólgu - útrýma sjálfri orðsökinni fyrir þessu öllu. Þess vegna segjum við óhikað að falsmarxistar séu hættulegir í verkalýðsbaráttunni. Orð Leníns og annarra forystumanna verkalýðssins hafa margoft sýnt sig hárrétt: "ENDURBÓTASINNAR OG HENTISTEFNUMENN ERU ÚTSENDARAR BORGARASTÉTTARINNAR Í VERKALÝÐSHREYFINGUNNI".

Eik(m-l) berjast ósættanlegri baráttu við þessa menn, t.d. úr forystu Alþýðubandalagsins og fleiri flokka - ekki síður en gegn auðvaldinu sjálfu. Án þess að slá tvær óþurftarflugur í einu höggi, verður seint staðið uðð til að fagna sigri!

Fiskiðjuverið í Höfn

VERKALÝÐSBLAÐINU hefur borist bréf frá lesanda og þar með er hleypt af stokkunum sérstökum lesendadálki í blaðinu, sem gripið verður til þegar tilefni gefst. Því skorum við nú á ykkur lesendur góðir að senda okkur línu um eitthvað sem ykkur liggur á hjarta: gagnrýni á blaðið, umsögn um starf og stefnu EIK(m-l), fréttir úr baráttunni á vinnustöðum ykkar o.s.frv.

★

Ég get ekki orða bundist, eftir að hafa lesið greinar tvær í Þjóðviljanum 24. feb. s.l. Ekki vegna þess að það komi manni á óvart lengur að Þjóðviljinn taki afstöðu gegn verkafólkinu en mig langar til þess að benda á hve áróður sem þessi er lævís og eyðileggjandi í verkalýðsbaráttunni.

Fyrri greinin fjallar um vígslu nýja fiskiðjuversins á Höfn í Hornafirði. Fyrst er upptalning á allskonar prelátum sem héldu ræður og stjórnuðu vígsluhátíðinni, svo sem kaupfélagsstjórinn, fyrrverandi kaupfélagsstjóri sem orðinn er framkvæmdastjóri fiskiðjuversins, (þeir detta ekki úr háu sessunum svo glatt), verkamaður sem hefur látið hafa sig út í að samfylkja þessari hersingu og flytja vígsluljóð, útvegsmaður og stéttsvikari formaður verkalýðsfélagsins, forstjóri SÍS, útibússtjóri Landsbankans, menntamálaráðherra, og síðastan skal frægan telja Lúlla fyrrverandi sjávarútvegsráðherra.

Þetta nýja fiskiðjuver er mjög ákjósanlegur vinnustaður, þar sem vel er séð fyrir þörfum verkafólks.
Nú er verið að taka upp svokallað bónuskerfi í húsinu og leibeinendur eru þeir Bolli Thoroddsen frá ASÍ og Sigurður Auðunsson frá vinnumálasambandi samvinnufélaganna. Er hugmynd allra aðila að kynna þetta kerfi sem rækilegast og þjálfa starfsfólkið eins vel og kostur er, svo vinnan megi ganga sem árekstralítið og minnst fyrir sig og góður andi ríki á vinnustaðnum.

Þarna er enn eitt dæmið um hvernig verkalýðsleiðtogarnir hjálpa atvinnurekendum gengdarlaust en gera ekkert til að efla baráttu okkar verkafólks fyrir bættum kjörum hvað þá að þeir geri eitthvað til að kenna verkafólki að þekkja andstæðinga sína.

Ósvífni þessara verkalýðspostula sem þiggja laun af okkur, gengur svo langt að þeir halda sig geta talið verkafólki trú um að bónuskerfið sé til þess að "góður andi ríki á vinnustaðnum". Allir þeir sem hafa þurft að púla undir bónuskerfi vita hvílík streita fylgir því, en litlir aurar, miðað við hið mikla slit sem verður á tauga og líkamsheilsu er til lengdar lætur. Það eru atvinnurekendurnir sem græða á bónus því þeir fá svo miklu meiri afköst út úr vinnuaflinu með þessu móti sem þýðir gróða í þeirra vasa.

"Ánægjuefni að slík atvinnustöð skuli vera í eign fólksins í byggðarlaginu".

Þessi fyrirsögn á seinni greininni er sótt úr ræðu Þorsteins Þorsteinssonar formanns verkalýðsfélagsins Jökuls, sem hann hélt við tækifærið. Þorsteinn dásamar aftur og aftur í greininni, sameign Samvinnuhreyfingarinnar og verkalýðsfélagsins á fiskiðjuverinu.

En það er von mín og trú, að félagslegur þroski fólksins í landinu komi því svo til vegar, að því hlýði að draga fyrr en síðar að samvinnuhreyfingunni takist að gera vinnustaðinn aðlaðandi, þá er vel farið. Höfum það hugfast, að hér verða báðir aðilar að eiga jafnan hlut að.

Þarna afhjúpast rækilega svik Þorsteins við félagsmenn í Jökli. Hann hefur sem sagt stuðlað að því með oddi og egg að teknar væru krónur þær af kaupi verkafólksins sem það greiðir í félagsgjöld til verkalýðsfélagsins og þær notaðar til að renna stoðum undir framgang Samvinnuhreyfingarinnar á staðnum. Það þarf enginn að segja mér að óbreyttir starfsmenn fiskiðjuversins sjái nokkurn tíma gróðann. Líklega verður starfsfólkinu boðið til "ókeypis matarveislu" annað slagið þar sem haldnar verða yfir því orðfagrar ræður um þessa "blessuðu sameign".

Vinnustaðurinn er sá vettvangur, sem verkafólkið dvelur á drjúgan hluta af starfsævi sinni, og ef verkafólkið og atvinnurekendurnir leggjast á eitt með að gera vinnustaðinn aðlaðandi, þá er vel farið. Höfum það hugfast, að hér verða báðir aðilar að eiga jafnan hlut að.

Ekki vantar nú málskrúðið þegar maðurinn er að reyna að blekkja fólk til að halda að Samvinnuhreyfingin sé eitthvað annað en auðhringur með gróðasjónarmið og útþenslu sem æðstu markmið.

Það er ósk mín til stéttsystkina minna í verkalýðsstétt á Höfn að þau losi sig við stéttarfélagsformanninn sem fyrst og kjósi sér stjórn í Jökli sem gætir þeirra hagsmuna en ekki hagsmuna atvinnurekandans eins og Þorsteinn gerir. Verum þess minnug að enginn væri gróði atvinnurekendanna nema af því þeir ræna okkur arði af þeirri vinnu sem við innum af hendi.

Atvinnurekendurnir og Þorsteinn reyna að hamra það inní hausinn á verkafólkinu að það og þeir verði að leggjast á eitt til að gera vinnustaðinn aðlaðandi. Þorsteinn reynir jafn dyggilega og atvinnurekendurnir að gera verkafólkið að tryggum hundum atvinnurekendans í stað þess að efla baráttu meðal fólksins gegn kúgun atvinnurekendanna á vinnuaflinu.

Að lokum óska ég VERKALÝÐSBLAÐINU allra heilla í framtíðinni og fagna því að við verkafólk höfum loksins fengið málgagn sem tekur af raunsæi á okkar málum. Svo vona ég að þið sjáið ykkur fært að birta þetta.

Guðmundur Ólafsson, verkamaður.

Kveðjur frá EIK(m-l)

EIK(m-l) sendu utanríkisráðuneyti Vestur-Þýskalands mótmælaorðsendingu 2. febrúar, vegna synjunar stjórnarinnar í Bonn á vegabréfsáritun til handa sendinefnd Flokks Vinnunnar í Albaníu, sem hugðist koma til V-Þýskalands og vera viðstödd þing Kommúnistaflokks Þýskalands (m-l).

EIK(m-l) sendu Kommúnistaflokki Verkamanna (m-l) í Noregi kveðju 18. febrúar í tilefni af því að þá voru liðin 4 ár frá stofnun flokksins (AKP(m-l)). "Norræn hreyfing marx-lenínista er nú í örum vexti. Við óskum AKP(m-l) og norskri verkalýðsstétt og alþýðu allri áframhaldandi góðs árangurs", sagði í kveðju EIK(m-l).

EIK(m-l) sendu miðstjórn Kommúnistaflokks Kína og félaga Hua Kuo-feng formanni hans kveðju 9. janúar í tilefni þess að eitt ár var þá liðið frá láti félaga Chou En-lais fyrrum forsætisráðherra Alþýðulýðveldisins Kína. Þar sagði m.a.:

"Þrátt fyrir missi frábærra leiðtoga líkt og Maos formanns, félaga Kang Sheng og félaga Chu Teh, þá mun Kommúnistaflokkur Kína og alþýða Kína velja leið sósíalismans eftir sem áður, undir leiðsögn flokksins og félaga Hua Kuo-fengs. Eyðileggja kliku fjórmenninganna er örugg vísbending um þetta".

EIK(m-l) sendu Flokki Vinnunnar í Alþýðulýðveldinu Albaníu kveðju í tilefni af afmæli lýðveldisins 11. janúar. Þar sagði m.a.:

"Tilvera og þróun Alþýðulýðveldisins Albaníu og réttsýn barátta sem háð er af alþýðunni undir leiðsögn Flokks Vinnunnar staðfesta mikilvægi skrefsins sem stigið er, þegar sósíalismi og kommúnismi fara með sigurinn af hólmi.

Lengi lifi Alþýðulýðveldið Albanía og Flokkur Vinnunnar með félaga Enver Hoxha í broddi fylkingar!

Lengi lifi vináttа alþýðu Albaníu og Íslands!"

Hvers vegna fræðilegt nám?

Vinnandi alþýða á Íslandi er undirokuð og arðrænd. Baráttan gegn undirokuninni, stéttabaráttan, er stöðugt til staðar. Ef verkalýðsstéttin á að geta unnið sigur í dægurbaráttunni og í sósíalísku byltingunni, er nauðsynlegt að afla sér réttra vegvísa í baráttunni. Því er nauðsynlegt að verkalýðsbaráttan á Íslandi sé rannsökuð og lærdómar dregnir af henni og alþjóðlegri verkalýðsbaráttu.

Baráttan gegn auðvaldsskipulaginu er háð af mörgum hópum í þjóðfélaginu, fólki með mismunandi bakgrunn. Engu að síður leggjum við áherslu á að ná inn í samtökin byltingarsinnuðu verkafólki. EIK(ml) eru kommúnísk verkalýðssamtök, sem líta á það sem eitt af sínum höfuðverkefnum að breiða út fræðikenningu marx-lenínismans meðal verkalýðsstéttarinnar.

Nám og starf.

Það er mikilvægt að lesa og stunda nám. En það sem við lesum verður þá fyrst að fullu skilið, þegar við vinnum að því að setja fræðin út í starfið við að breyta heiminum. Í stéttabaráttunni fáum við það staðfest, að það sem við lesum og fjöllum um í námsstarfinu er nákvæmlega í samræmi við raunveruleikann. EIK(ml) skipuleggja nám í umræðuhópum, þar sem fjallað er um baráttuleiðir verkalýðs, heimsástandið, sósíalismann ofl.

Sértu sammála okkur um að veita þurfi verkalýðsbaráttunni á Íslandi í nýjan farveg, þá láttu ekki dragast stundinni lengur að hafa samband við Einingarsamtök kommúnista (ml).

Skráning í námshópa fer fram á opnunartíma skrifstofu Einingarsamtaka kommúnista (marx-lenínista) að Laugavegi 178 II. hæð, miðvikudaga kl. 16-19 og föstudaga kl. 17-19. Síminn er 8 42 10.

Söfnum hundrað áskrifendum og hundrað þúsund krónum fyrir 1. september



VERKALÝÐSBLAÐIÐ hefur hér með nýja fjár- og áskrifendasöfnun til að styrkja undirstöður blaðsins áður en það verður hálfs-mánaðarblað 1. september n.k. Við förum vel yfir 200 þús. kr. markið í síðustu söfnun, en hins vegar vantaði nokkra áskrifendur upp á til að fylla kvótanna.

Gerist áskrifendur - gefið í fjársöfnuna!

FÓLKIÐ SKAPAR FRÉTTIRNAR

Hálfs-mánaðarblað
1. september '77!
Gerist áskrifendur!

Stuðningsáskrift	kr.	2500
Ársáskrift	"	1500
Hálfsársáskrift	"	800

Nafn.....

Heimilisfang.....

.....

.....

VERKALÝÐSBLAÐIÐ Laugaveg 178

VERKALÝÐSBLAÐIÐ BIRTIR ÞÆR

VERKALÝÐSBLAÐIÐ ARÐRÆNDIR OG KÚGAÐIR ALLRA LANDA SAMEINIST!

Málgagn EIK(m-l)

Ábyrgðarmaður: Albert Einarsson

LAUGAVEGI 178, 2. HÆÐ
POSTHÓLF 5186, REYKJAVÍK
SÍMI 84210 - 35904

Gerist áskrifendur

Stuðningsáskrift: kr. 2500 Ársáskrift: kr. 1500
Hálfársáskrift: kr. 800

Áskrift greiðist á gíró 12200

AKUREYRI: Sérstæður stuðningur Jóns Einingar-formanns við hafnarverkamenn

Þann 27. janúar s.l. bárust öllum hafnarverkamönnum í skipafélögunum fjórum, Sambandinu, Eimskip, Hafskip og Ríkisskip, uppsagnarbréf frá verkalýðsfélaginu Einingu. Í því bréfi vísast til samkomulags verkalýðsfélagsins Einingar (þ.e. stjórnarinnar) og Vinnuveitendasambandsins og Vinnumálasambands Samvinnufélaganna um fastráðningu starfsmanna, dags. 12. jan. Í samkomulagi þessu er gert ráð fyrir að 23 verkamenn verði ráðnir samkvæmt sérstökum ráðningarsamningi. Þar segir m.a. um stöðu og starfslýsingu: "Almenn verkamannavinna, þar með talin vinna við afgreiðslu skipa, losun og lestun og vinna í vöruhúsum auk annarra tilfallandi verkefna. Verkamaður samkvæmt samningi þessum fellst á að vinna einnig hjá öðrum vinnuveitenda á Akureyri við hliðstæð störf sem að ofan greinir ef vinnuveitandi hans óskar eftir því".

Einnig segir í samningnum að "reynslutími skuli vera 3 mánuðir og geti hvor aðili sagt upp samningnum með viku fyrirvara á þeim tíma". Já, nú á maður ekki orð. Mönnum þessum er boðið upp á reynslutíma hjá umboðsfyrirtækjum skipafélaganna; mönnum sem flestir hafa unnið við höfnina í 10-30 ár!

Alls er þessum 18 hafnarverkamönnum er haft hafa forgangsrétt til allrar vinnu við höfnina gefinn kostur á að sækja um 10 stöður samkvæmt bréfinu. Samningurinn tók gildi 1. mars. Um leið og hafnarverkamenn fengu uppsagnarbréfið í hendur, fylgdi með svohljóðandi hótun frá Jóni Helgasyni formanni Einingar:

Ef þeir sækja ekki um hjá einhverjum fyrrnefndra aðila, þá missa þeir sinn rétt til atvinnuleysisbóta hjá Einingu.

Ójá, mikið er vald Jóns Helgasonar. Auðvitað brýtur þetta í bága við félagslög Einingar eins og t.d. það að rifta kjarasamningi hafnarverkamanna áður en samningstímabilið var úti. En Jón H. og hans klíka virðist geta leyft sér hvað sem er í sambandi við lög og samninga eins og komið verður að síðar í greininni.

Hannibalslög og önnur ólög

Jón H. Einingarformaður reynir að afsaka stéttasamvinnu sína með því að fastráðnir verkamenn hjá KEA hafi óskað eftir því að fá sama rétt til vinnunnar við höfnina og þeir hafnarverkamenn sem hafa haft forgangsréttinn. Með fyrrgreindum samningi kveðst Jón H. vera að veita öllum sama rétt til vinnunnar. En þarna er farið ögn vitlaust í hlutina. Þeir verkamenn hjá KEA sem ráðnir eru til vinnu við vöruskemmurnar og akstur vöru við búðirnar o.fl. hafa engan rétt á vinnu við höfnina, nema ef hafnarvinnuverkamenn gefa til þess samþykki sitt. Með Hannibalslögunum 1958 var atvinnurekendum gefinn kostur á að fastráða svokallaða "vikumenn", þ.e. þeir áttu að vinna fulla dagvinnu og fara heim á fullu kaupi, ef engin vinna væri fyrir hendi. En auðvitað kom það sér ekkert vel fyrir atvinnurekendur og því kom þar að hinir almennu verkamenn hjá KEA voru látnir í hafnarvinnuna, fyrst hjá KEA(Sambandinu) og hjá Ríkisskip sumarið 1975, þegar KEA varð umboðsaðili þess. Þá strax var farið að ala á því að hafnarverkamenn hefðu engan forgang að vinnu hjá Ríkisskip, jafnvel þó að samningar hafnarverkamanna frá 1973 kvæðu svo á um, að hafnarverkamenn hefðu forgangsrétt til vinnunnar hjá

Frh. bls. 4

Fáein orð um „atvinnulýðræði" og fleira frá þjóðleikhúsinu við Austurvöll

Þegar verkafólk fær að ráða litnum á kaffistofunni

Alþingi er sá staður sem flokkar auðvaldsins og fölsku verkalýðsflokkarnir ganga á hólm. Í stað raunverulegrar baráttu með fjöldanum - fyrir fjöldann, sitja þessir "talsmenn fólksins" á skraffundum og koma í veg fyrir eða afvegaleiða eigin baráttu verkalýðs og alþýðu. Á fjögurra ára fresti fær svo fjöldinn tækifæri til þess að kjósa um það, hver fær að troða verkafólk fótum næstu fjögur árin, svo notuð séu orð svipuð þeim sem Karl Marx setti fram á 19. öldinni.
Alþýðufólk segir gjarnan eitthvað á þessa leið: "Flokkarnir eru allir eins - það er víst sama hvað kosið er". Þetta sjónarmið er hárrétt. Mikilvægara er þó að koma auga á að menn verða að skipuleggja baráttuna og byggja upp raunverulegt stjórnmálaafl verkalýðs og annarrar vinnandi alþýðu - kommúnistaflokkinn.

Ýmiss frumvörp eru nú á dagskrá Alþingis. VERKALÝÐSBLAÐIÐ birtir hér afstöðu EIK(m-l) til nokkurra þeirra:

Bjórfrumvarpið

Leiðin til vinsælda er oft álitin liggja í gegnum munn fólks. Sólnes virkjunarmeistari vill lögleiða framleiðslu sterks öls á Íslandi.

Nú er drykkja á Íslandi um 21/2 lítri hreins vínanda á hvert mannsbarn á ári og kostar almenning milljarða króna. EIK(m-l) eru ekki bindindissamtök, en telja þó áfengisdrykkju kappnóga í þjóðfélaginu þó ekki verði nú farið að bæta áfengu öli ofan á. Mikill hluti áfengisneyslunnar er svar fólks við streitu, vinnuþrælkun og aðstöðuleysi - oft leiðist fólk út í drykkju í hreinu vonleysi. Ríkisvaldið og yfirstéttin reyna á alla lund að fela félagsrætur áfengisneyslunnar. Hún veit fullvel að óhófsdrykkja ungs fólks og vinnandi alþýðu á stóran þátt í að hindra almenna virkni í kjarabaráttu og byltingarbaráttu.

EIK(m-l) beita sér fyrir því að fólk noti frístundir sínar (og vinnutíma) til þátttöku í stéttabaráttunni. Áfengisneysla verður því ávallt að víkja fyrir baráttunni. Bjórfrumvarpið getur hins vegar haft aukna drykkju í för með sér. Auk þess er ástæða þess að frumvarp þetta lítur dagsins ljós einmitt nú öðrum þræði sú, að það á að nota bjórinn til að draga athygli alþýðunnar frá fjármálasukki auðvaldsins, frá "hvítflibbaglæpunum" sem tíðkaðir eru, frá Kröfluævintýrinu og öðrum slíkum ævintýrum og síðast en ekki síst: bjórinn á að dreifa huganum frá því að í nánd er gerð nýrra kjarasamninga verkafólks og þar af leiðandi hörð stéttaátök. Af framangreindum orsökum líta EIK(m-l) á bjórfrumvarpið sem skaðlegt.

Áfengisvarnarráð sendi frá sér ítarlega greinargerð 16. feb. síðast liðinn vegna bjórfrumvarpsins og teljum við rétt að minna á eftirfarandi atriði sem fram komu í greinargerðinni:

"Samtök bruggara greiða hinum lakari blöðum stórfé fyrir að birta staðleysur um áfengismál, oft undir yfirskini vísindamennsku. Slæðast slíkar ritsmíðar stundum í blöð hérlendis."

"Norskir vísindamenn hafa með rannsóknum á tíðni drykkjusýki í ýmsum Evrópulöndum leitt rök að því að beint samband er á milli þess áfengismagns, sem þjóð eða annar tiltekinn hópur drekkur, og fjölda ofdrykkjumanna og drykkjusjúklinga."

"Ef áfengisneysla þjóðar tvöfaldast verða ofneytendur fjórum sinnum fleiri. Ef hún þrefaldast verða þeir nífu sinnum fleiri".

"Ef á markað kemur ný tegund áfengis (t.d. öl) í ákveðnu landi eða héraði verður neysla hennar ætíð viðbót við þá neyslu sem fyrir er. En gleggstu dæmin eru frá Svíþjóð og Finnlandi þar sem ölneysla átti að draga úr neyslu sterkra drykkja. - Slíkt gerðist þó ekki heldur hitt að neyslan jókst og færðist til æ yngri aldurshópa."

"Virðist því ástæðulaust að Íslendingar hefji tilraunastarfsemi á þessu sviði enda bitnar hún harðast á því sem flestu er dýrmætara, íslenskri ævi."

Verkalýðsblaðið tekur heils hugar undir greinargerðina frá Áfengisvarnarráði og vonar að sem flestir geri slíkt hið sama.

Atvinnulýðræði

Alþýðuflokkurinn vill lögbinda svonefnt atvinnulýðræði. Felst tillagan í einhvers konar þátttöku verkafólks í mörgum þáttum stjórnunar fyrirtækja af ákveðinni stærð. Við slíkt breytist auðvitað hvorki launaupphæðin til verkafólksins né sú staðreynd, að til sérhverra úrbóta á vinnuskilyrðum o.fl. þarf jafnharða og viðtæka samstöðu og baráttu sem fyrr.

Atvinnulýðræði er í raun aðeins tilraun handlangara peningafurstanna til að auka trú á smávægilegar umbætur og trúna á að stéttasamvinna sé forsenda þeirra.

Því er mikilvægt að hafna algjörlega hugmyndum um atvinnulýðræði og berjast stéttabaráttu fyrir hagsmunum verkalýðs og annarrar alþýðu. Hvarvetna á Norðurlöndum versna lífskjör, atvinnuleysi fer vaxandi og gróði auðhringanna hleðst upp. "Atvinnulýðræði" breytir nákvæmlega engu þar um. Sá "réttur" sem verkafólk gæti hugsanlega áunnið sér með blekkingarvaðlinum um "atvinnulýðræði" væri sá að það fengi sjálft að ráða litnum á kaffistofum sínum. Launum sínum og aðbúnaði mun það aldrei fá að ráða í auðvaldsskipulaginu.

100 kr = 1 kr?

Einn Sjálfstæðisþingmanna leggur nú fram frumvarp um að lækka tölugildi krónunnar hundraðfalt, þannig að 100 krónur nú jafngildi 1 krónu. Segir hann þetta vera lið í að berjast gegn verðbólgunni, auka verðgildi krónunnar og laga verðmætamat fólks.

Þetta er fráleitt blekkingarhjal:

1. Eina leiðin til að draga úr verðbólgunni, án þess að útrýma henni, er sú að ganga á gróða (-hlutfall) auðherranna.

Tvö núll eða engin núll aftan við krónuna kemur því máli hreint ekkert við!

2. Lækkun krónutölu breytir ekki verðgildi peninganna - þ.e. vara sem kostar 1000 kr. nú verður nákvæmlega jafndýr þó hún kosti 10 krónur eftir skottulækningu Lárusar Jónssonar. Það hefur nefnilega verið lögð jafn mikil vinna í hana og áður, gróði auðherrans og arðránið á verkalýðnum er hlutfallslega það sama sem fyrr. Gildi peninganna ákvarðast í raun af því gullmagni sem þeir hafa að baki sér. Þegar ríkið lætur prenta fleiri peninga en það getur gulltryggt fellur verðgildi þeirra (þetta er einmitt gert hér á landi). Þegar eitt núll er strikað aftan af krónunni, gerist í raun ekki annað en það að talan sjálf lækkar!

3. Verðmætamat alþýðufólks breytist vart þótt launafólk, t.d. úr verkalýðsstétt, fái 700 kr. í launaumslagið í stað 70.000. Vöruverðið er hlutfallslega jafn hátt og áður, kaupmátturinn jafnrýr og auðstéttin jafn rík og valdamikil.

Opnunartímar skrifstofu og bókabúðar EIK(m-l) að Laugavegi 178, II. hæð eru sem hér segir (síminn er 84210):
Miðvikudagar kl. 4-7,
föstudagar kl. 5-7,
laugardagar kl. 2-4.

Fréttatilkynning

Verkalýðsblaðinu hefur borist fréttatilkynning frá Íslendingafélaginu í Lundi um Alþýðuleikhúsið:

Alþýðuleikhúsið kom í heimsókn til Lundar 6. des. sl. og sýndi leikritið Krummagull við mjög góðar undirtektir. Hefur það vakið athygli hér í Svíþjóð, að íslenskur leikhópur treystir sér til að kynna á þennan hátt íslenska menningu, án þess að njóta nokkurra opinberra styrkja, en opinberir styrkir til hliðstæðra leikhúsa hafa nýlega verið hækkaðir mikið í Svíþjóð.

Bæði í þakklætisskyni fyrir heimsóknina og til þess að styðja hið gagnmerka framtak Alþýðuleikhússins samþykkti aðalfundur Íslendingafélagsins í Lundi 20. febrúar sl. að kaupa tvö styrktarkort Alþýðuleikhússins. Einnig býðst félagið til að greiða götu leikhússins eftir bestu getu, ef það á nýjan leik vill ferðast um Norðurlönd og kynna þannig íslenska leiklist.

★

Baráttuleiðin 1500 krónur

Október-forlagið SF. hefur sent frá sér bókina "Baráttuleið alþýðunnar" 2. útgáfu, en 1. útgáfa kom út í árslok 1974 og seldist upp á skömmum tíma. Í bókinni er gerð úttekt á vinstri hreyfingunni á Íslandi, á höfuðdráttum íslenska auðvaldsþjóðfélagsins, stéttunum á Íslandi, heimsástandinu, fjallað um baráttu fyrir endurreisn kommúnisks verkalýðsflokks, um stéttafélögin og núverandi ástand þeirrra, um samfylkingar, um stjórnlist og baráttuaðferð sósíalískrar baráttu og síðast en ekki síst er ítarlegur kafli sem fjallar um henti- og endurskoðunarstefnuna og baráttu marx-lenínista gegn borgaralegum áhrifum í byltingarhreyfingunni.

Miðstjórn Einingarsamtaka kommúnista (m-l) ritar formála fyrir bókinni. Þar segir m.a.:

"Baráttuleið alþýðunnar er nánast stefnuskrá EIK(m-l) og nánari meðferð á sameiningargrundvelli samtakanna. Endurskoðun bókarinnar og núverandi efni hennar táknar sigur yfir endurskoðunar- og hentistefnu. Bókin er biturt vopn í íslenskri stéttabaráttu og eina marx-lenínska stefnu- og starfsskrá sem til er hérlendis.

Það þarf djörfung og baráttuafstöðu til að láta vopnið bíta og duga sem vogarstöng til stofnunar raunverulegs marx-lenínísks kommúnistaflokks.

Lesandi góður - hin unga kommúnísku hreyfing þarfnast þín, taktu upp afstöðu og baráttu fyrir einingu byltingarsinna, það er enginn millivegur til milli marx-lenínismans og EIK(m-l) annars vegar og endurskoðunar- eða hentistefnu hins vegar".

Lesendur Verkalýðsblaðsins eru hvattir til þess að kaupa bókina og nota hana í baráttu